

6 Tillögur fyrir Kvikmyndamiðstöð

(1)

Hversvegna er menningin ekki lýðræðisleg á Íslandi? Hvers vegna er flestum lista og menningarstofnunum, m.a. Kvikmyndamiðstöð stýrt af einvöldum sem ákvarða einir hvað sé list og menning? Er réttlátt að forstöðumaður ráðstafi einn milljörðum á milljörðum ofan á starfstíma sínum? Gagnrýni þessi er ekki á einstaklinga heldur það kerfi sem nú er við lýði.

Forstöðumaður KMÍ ætti ekki að vera í starfi lengur en 4 ár þar sem hann er einvaldur yfir öllum kvikmyndaverkefnum sem styrkt eru af KMÍ. Réttast væri að hafa róterandi nefnd úr ýmsum áttum kvikmyndageirans, viðskiptalífi og jafnvel almenningi svo dæmi sé tekið. Nefndin myndi endurnýjast í þrepum á 2 ára fresti.

Hlutverk forstöðumanns KMÍ væri að reka stofnunina, sinna framleiðsluferli og kynningarstarfi og hafa umsjón með ráðgjöfum. 5-10 ára seta einvalds er langur tími í starfsævi fólks, sérstaklega þess sem á allt sitt undir hjá einum valdhafa.

(2)

Í 3gr. um kvikmyndaráðgjafa segir að þeir skuli ráðnir tímabundið. Hver er sá tími?

Mæli ég með að ráðningartími kvikmyndaráðgjafa verði ekki lengur en 2 ár í senn. Sitji ráðgjafar of lengi í einu er hætta á því að val á verkefnum verði einsleitt. Þó að handritaráðgjafi meti umsóknir á eins faglegan hátt og unnt er, þá spilar persónulegur smekkur óhjákvæmilega inn í. Það er ástæða fyrir því að handritateymum er reglulega skipt út í langlífum sjónvarpsseríum erlendis. Það eykur súrefnisflæði og kemur í veg fyrir stöðnun. Í tilviki KMÍ yki það á flóru lýðræðis og fjölbreytni í verkefnavali.

(3)

Til eru dæmi um að handritaráðgjafar KMÍ hafi þrýst á handritahöfunda um að breyta sögum sínum að því virðist fyrir eigin lífsskoðanir en ekki samkvæmt handritalegum gildum. Hafa skilin verið nokkuð óljós á milli tæknilegrar ráðgjafar og hreinnar ritskoðunar.

KMÍ þarf að gera opinbert það viðmið sem handritaráðgjafar fara eftir svo að höfundar og ráðgjafar átti sig á því hvað verið er að dæma í verkum handritahöfunda.

(4)

Kynjahlutfall & Bechdel próf.

Geta konur ekki talað platónískt við karla og öfugt?

Þegar kemur að því að jafna hlut kynja í kvikmyndagerð þá er ótækt að þvinga það fram í sögugerð. Með því að setja inn á heimasíðu KMÍ leikreglur fyrir höfunda með svokölluðu Bechdel prófi, er verið að þverbrjóta tjáningarfrelsið og þvinga fólk til að skrifa eftir femínískri hugmyndafræði sem á ekkert erindi í kvikmyndasjóð og hefur ekkert með jafnrétti að gera. Bechdel prófið er svo augljóslega marklaus mælieining fyrir kynjahlutfall í sögum að það er í raun niðurlægjandi fyrir konur. Það sést best á sumum kvikmyndum sem standast prófið eða falla á því.

Bechdel prófið gerir ekkert til þess að auka veg/hlut kvenna í kvikmyndum, heldur þvingar það og hamlar listrænni sköpun og skorðar höfunda í fyrirfram ákveðna hlekki. Handritshöfundar af báðum kynjum eru fullfærir um skrifa sínar sögur sjálfir fyrir bæði kyn. **Kvikmyndasjóður getur ekki notast við Bechtelpróf við val á verkefnum þar sem það brýtur tjáningarfrelsið og þarf að fjarlægja sem fyrst af heimasíðu stofnunarinnar.**

(5)

Kvikmyndamiðstöð getur notast við nafnleynd á fyrstu stigum handritaumsókna. Það hljóta að vera gæði verkanna sem sjóðurinn leitast fyrst og fremst eftir að styrkja. Þá hallar ekki á konur, karla eða nýliða í greininni. Verkin yrðu einvörðungu dæmd af listrænum gæðum.

(6)

Útfylling á styrkumsóknum.

Kvikmyndasjóður ætti að vera með sýnishorn af útfylltum umsóknum með skýringum fyrir nýgræðinga í greininni. Ég hef heyrt marga nýliða kvarta yfir þessu.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Einarsson kvikmyndagerðamaður
Hersing ehf. Skútuvogi 12k
104 Reykjavík
hersingfilms@gmail.com
sími:6151648